

FUNDARGERÐ AÐALFUNDAR

VÁTRYGGINGAFÉLAGS ÍSLANDS HF.

Ár 2017, miðvikudaginn 15. mars, kl. 16:00, var haldinn aðalfundur Vátryggingafélags Íslands hf., kt. 690689-2009, í höfuðstöðvum félagsins að Ármúla 3, 108 Reykjavík.

Herdís Dröfn Fjeldsted stjórnarformaður setti fundinn og bauð fundarmenn velkomna. Var Gunnar Sturluson hrl. kjörinn fundarstjóri og Guðbjörg Helga Hjartardóttir hdl. fundarritari.

Á fundinn voru mættir alls 42 hluthafar eða umboðsmenn hluthafa, sem fóru með samtals 1.628.310.402 atkvæði eða 73,23% af hlutafé í félaginu.

Fundarstjóri kannaði lögmati fundarins. Lýsti hann því yfir að fundurinn væri löglega boðaður og úrskurðaði fundinn lögmetan til að afgreiða þau mál sem á dagskrá hans voru.

Eftirfarandi stjórnarmenn í aðalstjórn voru mættir á fundinn; Herdís Dröfn Fjeldsted, Reynir Finndal Grétarsson og Helga Hlín Hákonardóttir. Jakob Sigurðsson, forstjóri félagsins, var einnig mættur.

Mættir voru endurskoðendur félagsins, sbr. lagaskyldur þar um í lögum um vátryggingastarfsemi, þ.e. Sigríður Soffía Sigurðardóttir og Sæmundur Valdimarsson. Enn fremur var mættur fulltrúi frá Fjármálaeftirlitinu, Gunnar Ingólfsson, og fulltrúi frá Kauphöll Íslands, Guðríður Ásgeirsdóttir.

Dagskrá fundarins var svohljóðandi:

1. Skýrsla stjórnar um starfsemi félagsins árið 2016.
2. Stjórnin leggur fram til afgreiðslu endurskoðaðan ársreikning félagsins fyrir hið liðna ár.
3. Ákvörðun um tillögu stjórnar um hvernig fara skuli með hagnað félagsins á reikningsárinu og greiðslu arðs.
4. Tillaga um lækkun hlutafjár vegna kaupa á eigin hlutum skv. endurkaupaáætlun.
5. Tillaga um heimild félagsins til að kaupa eigin hluti.
6. Tillögur um breytingar á samþykktum félagsins.
7. Kosid í stjórn félagsins.
8. Tillaga um starfskjarastefnu og starfsreglur um kaupaukakerfi.
9. Ákvörðun um þóknun til stjórnar og undirnefnda hennar.
10. Kosning endurskoðunarfélags í samræmi við lög um vátryggingastarfsemi.
11. Önnur mál löglega fram borin.

Var þá gengið til dagskrár:

1 Skýrsla stjórnar um starfsemi félagsins árið 2016

Fundarstjóri lagði til að tillögur samkvæmt dagskrárliðum 1 og 2 yrðu teknar til afgreiðslu með dagskrárlið nr. 3 um ráðstöfun hagnaðar félagsins. Ekki voru gerðar athugasemdir við það fyrirkomulag.

Herdís Dröfn Fjeldsted, formaður stjórnar félagsins, kynnti skýrslu stjórnar fyrir síðasta starfsár og fór yfir helstu meginatriði úr starfsemi félagsins á árinu. Rakti hún helstu atriði í stefnu félagsins á árinu, þ. á m. að því er varðar samfélagsábyrgð, og fyrirhugaða stefnumótun. Fram kom að samsett hlutfall VÍS fyrir árið 2016 hefði verið 101,7% eða 0,2% hærra en árið áður.

Stjórnarformaður stiklaði að öðru leyti á stóru um atburði ársins 2016 í tengslum við starfsemi félagsins og framtíðarverkefni.

Loks þakkaði stjórnarformaður starfsmönnum félagsins fyrir góð störf, stjórnarmönnum fyrir samstarfið og hluthöfum fyrir stuðning þeirra við stjórn.

2 Stjórnin leggur fram til afgreiðslu endurskoðaðan ársreikning félagsins fyrir hið liðna ár

Jakob Sigurðsson, forstjóri félagsins, fór yfir ársreikning félagsins fyrir árið 2016.

Hagnaður ársins 2016 eftir skatta var 1.459 m.kr.

Iðgjöld ársins námu 18.319 m.kr. samanborið við 16.597 m.kr. árið 2015. Eigin iðgjöld voru 17.647 m.kr. samanborið við 16.016 m.kr. árið 2015. Fjárfestingatekjur voru 1.997 m.kr. fyrir árið 2016. Tjón ársins námu m.kr. 14.865 samanborið við 12.732 m.kr. árið 2015. Eigin tjón námu 14.045 m.kr. samanborið við 12.712 m.kr. árið 2015.

Heildareignir félagsins þann 31. desember 2016 voru 46.323 m.kr. samanborið við 44.874 m.kr. þann 31. desember 2015. Eigið fé var 16.371 m.kr. en var 17.552 m.kr. þann 31. desember 2015. Vátryggingaskuld 31. desember 2016 var 24.936 m.kr. samanborið við 23.466 m.kr. 31. desember 2015.

Samsett hlutfall var 101,7%, en var árið 101,5% á árinu 2015. Markmið félagsins væri að samsett hlutfall væri undir 100%.

Forstjóri fór stuttlega yfir stefnu félagsins og áherslur stjórnenda í rekstri. Að lokum þakkaði forstjóri stjórn og stjórnendum fyrir gott samstarf á árinu, hluthöfum fyrir þeirra stuðning, svo og starfsmönnum félagsins fyrir þeirra störf á árinu.

3 Ákvörðun um tillögu stjórnar um hvernig fara skuli með hagnað félagsins á reikningsárinu og greiðslu arðs

Fyrir fundinum lá eftirfarandi tillaga stjórnar félagsins um ráðstöfun hagnaðar félagsins:

„Stjórn félagsins leggur til að félagið greiði hluthöfum arð sem nemur kr. 0,46 á hlut fyrir árið 2016. Heildarfjárhæð arðgreiðslunnar er um 1.023 milljónir króna. Arðsákvörðunardagur er 15. mars 2017 sem þýðir að skráðir hluthafar í lok dags 17. mars 2017 (arðsréttindadagur) eiga rétt á arðgreiðslu. Arðleysisdagur er því 16. mars 2017 sem er fyrsti viðskiptadagur eftir arðsákvörðunardag og útborgunardagur er 6. apríl 2017 (arðgreiðsludagur).“

Fundarstjóri gaf orðið laust um skýrslu stjórnar, ársreikninginn og tillögu stjórnar um ráðstöfun hagnaðar og útgreiðslu arðs.

Guðmundur Helgi tók til máls. Lagði Guðmundur fram fyrirspurn varðandi gjaldfærslu hugbúnaðar á árinu 2015 og hvort umræddur hugbúnaður væri farinn að virka með fullnægjandi hætti. Enn fremur óskaði Guðmundur eftir upplýsingum um starfslok fyrrverandi forstjóra félagsins.

Forstjóri félagsins útskýrði að innleiðing nýs upplýsingatæknikerfis væri enn í gangi og hefði verið lokið að hluta. Þriðja og síðasta áfanga innleiðingarinnar væri enn ólokið, en fyrirhugað væri að hefja þá framkvæmd við fyrsta tækifæri.

Að því er varðar starfslok fyrrverandi forstjóra félagsins nefndi stjórnarformaður að þau hefðu verið í samræmi við ráðningarsamning forstjórans. Að öðru leyti var vísað til skýringar 9 í ársreikningi varðandi launakjör.

Ekki óskuðu fleiri eftir að taka til máls. Voru ársreikningurinn ásamt skýrslu stjórnar og tillaga stjórnar um útgreiðslu arðs borin undir atkvæði og voru þau samþykkt samhljóða með handauppréttingu.

4 Tillaga um lækkun hlutafjár vegna kaupa á eigin hlutum skv. endurkaupaáætlun

Fyrir fundinum lá eftirfarandi tillaga stjórnar félagsins:

„Aðalfundur VÍS, haldinn 15. mars 2017, samþykkir að lækka hlutafé félagsins úr kr. 2.296.436.567 að nafnverði í kr. 2.223.497.541 að nafnverði, og að eigin hlutum félagsins að nafnverði kr. 72.939.026 sé þannig eytt.“

Gaf fundarstjóri orðið laust um tillöguna. Enginn kvað sér hljóðs.

Að svo búnu bar fundarstjóri tillöguna undir atkvæði hluthafa sem samþykktu hana samhljóða.

5 Tillaga um heimild félagsins til að kaupa eigin hluti

Fyrir fundinum lá eftirfarandi tillaga stjórnar félagsins:

„Stjórn félagsins er heimilt að kaupa á næstu 18 mánuðum hluti í félaginu, í þeim tilgangi að koma á viðskiptavakt með hluti í félaginu og/eða til að setja upp formlega endurkaupaáætlun, þannig að það ásamt dótturfélögum þess eigi, að öðrum lagaskilyrðum fullnægðum, allt að 10% af hlutafé þess. Endurgjald fyrir keypta hluti skal ekki vera hærra en sem nemur verði síðustu óháðu viðskipta eða hæsta fyrirliggjandi óháða kautilboði í Kauphöll Íslands, hvort sem er hærra. Slík kaup eru þó heimil ef þau eru gerð af viðskiptavaka skv. 116. gr. laga um verðbréfavíðskipti eða á grundvelli 1. tölul. 3. mgr. 115. gr. og 2. mgr. 119. gr. laga um verðbréfavíðskipti og reglugerða sem settar eru á grundvelli 118. og 131. gr. sömu laga.“

Gaf fundarstjóri orðið laust um tillöguna. Enginn kvað sér hljóðs.

Að svo búnu bar fundarstjóri tillöguna undir atkvæði hluthafa sem samþykktu hana samhljóða.

6 Tillögur um breytingar á samþykktum félagsins

Fyrir fundinum lágu eftirfarandi tillögur til breytinga á samþykktum félagsins:

„Lagt er til að eftirfarandi ákvæðum í samþykktum félagsins verði breytt og þær hljóði svo eftir breytingu:“

6.1 2. gr. Tilgangur

„2. gr. Tilgangur

Tilgangur félagsins er rekstur váttryggingarstarfsemi, þ. á m. endurtryggingarstarfsemi, önnur en líftryggingarstarfsemi, bæði á Íslandi og erlendis.

Félaginu er einnig heimil sú starfsemi sem er í samræmi við ákvæði laga um váttryggingarstarfsemi hverju sinni, s.s. rekstur fasteigna, lánastarfsemi og kaup og sala verðbréfa.

Þrátt fyrir að félagið reki ekki líftryggingarstarfsemi er því heimilt að eiga beinan eða óbeinan hlut í líftryggingarfélagi, hvort sem um yfirráð er að ræða eða ekki.“

Fundarstjóri gaf orðið laust.

Árni Hrafn Gunnarsson, fulltrúi Gildis, kvað sér hljóðs og óskaði upplýsinga um tilgang fyrirhugaðrar breytingar á 2. gr. samþykktanna. Stjórnarformaður útskýrði að hugmyndin væri að félagið myndi ekki sníða sér þrengri stakk en tilefni væri til með tilgangsákvæði samþykka, umfram það sem fram kæmi í lögum.

Fleiri tóku ekki til máls.

Var tillagan borin undir atkvæði og var hún samþykkt samhljóða.

6.2 3. gr. Hlutfé

„3. gr. Hlutfé

Hlutfé félagsins er 2.223.497.541 – tveir milljarðar tvö hundruð tuttugu og þrjár milljónir fjögur hundruð níutíu og sjö þúsund og fimmhundruð fjöru tíu og ein króna – og skiptist í jafnmarga hluti.”

Fundarstjóri gaf orðið laust. Enginn kvað sér hljóðs.

Var tillagan borin undir atkvæði og var hún samþykkt samhljóða.

6.3 4. gr. Hækkun og lækkun hlutfjár

„4. gr. Hækkun og lækkun hlutfjár

Hluthafafundur einn getur ákveðið hækkun hlutfjár, hvort heldur er með áskrift nýrra hluta eða útgáfu jöfnunarhluta.

Hluthafar hafa forgangsrétt að aukningarhlutum í hlutfalli við hlutfjáreign sína. Ákveði hluthafi að nýta ekki forgangsrétt sinn eiga aðrir hluthafar aukinn rétt til áskriftar. Heimilt er að víkja frá ákvæði þessu, sbr. 3. mgr. 34. gr. hlutfélagalaga.

Stjórn félagsins er heimilt að hækka hlutfé félagsins í einu lagi eða í áföngum um allt að kr. 200.000.000 að nafnverði með áskrift nýrra hluta. Heimildin skal aðeins nýtt til frekari vaxtar félagsins. Hluthafar falla frá forgangsrétti sínum samkvæmt 34. gr. hlutfélagalaga, enda sé áskriftarverð nýrra hluta eigi lægra en 10% undir skráðu meðalgengi hluta félagsins fjórum vikum áður en áskrift fer fram. Stjórn félagsins skal ákveða nánar kaupgengi og söluskilmála hlutanna. Engar hömlur eru á viðskiptum með hina nýju hluti og skulu þeir vera í sama flokki og með sömu réttindum og aðrir hlutir í félaginu. Þeir skulu veita réttindi í félaginu frá skrásetningardegi hlutfjárhækkunarinnar. Stjórn félagsins er falið að ákveða að áskrifendur greiði fyrir hina nýja hluti að hluta eða öllu leyti með öðru en reiðufé. Heimild þessi gildir í 18 mánuði frá samþykkt hennar að svo miklu leyti sem hún hefur ekki verið nýtt fyrir það tímamark.

Hluthafafundur einn getur ákveðið lækkun hlutfjár. Þarf þá til sama magn atkvæða og til breytinga á samþykktum þessum.”

Fundarstjóri gaf orðið laust.

Árni Hrafn Gunnarsson kvað sér hljóðs. Óskaði Árni Hrafn eftir því að tillagan yrði borin upp til atkvæða í tvennu lagi, þ.e. 1. og 2. mgr. tillögunnar og 3. mgr. hins vegar. Lýsti Árni Hrafn því yfir að Gildi lífeyrissjóður myndi greiða atkvæði gegn tillögunni um 3. mgr. og fór yfir afstöðu Gildis í því sambandi. Hefði félagið markmið um vöxt væri eðlilegt að slíkar áætlanir væru kynntar hluthöfum. Þá væri eðlilegt að hluthafar tækju afstöðu til hækkunar hlutfjár hverju sinni eftir að hafa fengið rökstudda tillögu stjórnar félagsins og í tilteknu markmiði, en að slíkar heimildir væru ekki opnar og veittar fyrirfram.

Var hin breytta tillaga borin undir atkvæði með eftirfarandi hætti:

Fyrri hluti tillögunnar, í stað 1. mgr. 4. gr. samþykktu félagsins kæmi:

„Hluthafafundur einn getur ákveðið hækkun hlutafjár, hvort heldur er með áskrift nýrra hluta eða útgáfu jöfnunarhluta.

Hluthafar hafa forgangsrétt að aukningarhlutum í hlutfalli við hlutafjäreign sína. Ákveði hluthafi að nýta ekki forgangsrétt sinn eiga aðrir hluthafar aukinn rétt til áskriftar. Heimilt er að víkja frá ákvæði þessu, sbr. 3. mgr. 34. gr. hlutafélagalaga.“

Var tillagan samþykkt samhljóða.

Síðari hluti tillögunnar, þess efnis að eftirfarandi bætist við 4. gr. samþykktu félagsins sem ný 3. mgr:

„Stjórn félagsins er heimilt að hækka hlutafé félagsins í einu lagi eða í áföngum um allt að kr. 200.000.000 að nafnverði með áskrift nýrra hluta. Heimildin skal aðeins nýtt til frekari vaxtar félagsins. Hluthafar falla frá forgangsrétti sínum samkvæmt 34. gr. hlutafélagalaga, enda sé áskriftarverð nýrra hluta eigi lægra en 10% undir skráðu meðalgengi hluta félagsins fjórum vikum áður en áskrift fer fram. Stjórn félagsins skal ákveða nánar kaupgengi og söluskilmála hlutanna. Engar hömlur eru á viðskiptum með hina nýju hluti og skulu þeir vera í sama flokki og með sömu réttindum og aðrir hlutir í félaginu. Þeir skulu veita réttindi í félaginu frá skrásetningardegri hlutafjárhækkunarinnar. Stjórn félagsins er falið að ákveða að áskrifendur greiði fyrir hina nýja hluti að hluta eða öllu leyti með öðru en reiðufé. Heimild þessi gildir í 18 mánuði frá samþykkt hennar að svo miklu leyti sem hún hefur ekki verið nýtt fyrir það tímamark.“

Var tillagan borin undir atkvæði. Voru atkvæði talin og greiddu 39,43% atkvæða á móti tillögunni (642.014.525 atkvæði). Alls 4,77% (77.702.138 atkvæði) sátu hjá við atkvæðagreiðsluna. Var síðari hluti tillögunnar því felldur.

6.4 12. gr. Boðun hluthafafundar

„12. gr. Boðun hluthafafundar

Stjórn félagsins skal boða til hluthafafundar þegar hún telur þess þörf, svo og samkvæmt fundarályktun eða þegar kjörnir endurskoðendur eða hluthafar, sem ráða yfir minnst 5% hlutafjárins, krefjast þess og greina frá fundarefni. Þegar lögmæt krafa um fundarhald er komin fram skal stjórn skylt að boða til fundar innan 14 daga frá því að henni sannanlega barst krafan. Hafí stjórn eigi boðað til fundar innan þess tíma er heimilt að krefjast þess að til fundarins verði boðað skv. 2. mgr. 87. gr. hlutafélagalaga.

Til hluthafafundar skal boðað með skemmst þriggja vikna fyrirvara, lengst fjögurra vikna fyrirvara.

Til hluthafafunda skal stjórnin boða með auglýsingu í dagblöðum eða með rafrænum hætti.

Í fundarboði skal greina málefni þau sem taka á til meðferðar á hluthafafundi. Ef taka á til meðferðar á fundinum tillögu til breytinga á samþykktum félagsins skal greina meginefni tillögunar í fundarboði. Hluthafi á rétt á því að fá ákveðin mál tekin fyrir á hluthafafundi, ef hann gerir um það skriflega eða rafræna kröfu til stjórnar með það miklum fyrirvara að unnt sé að taka málið á dagskrá fundarins.

Viku fyrir hluthafafund hið skemmsta skulu endanleg dagskrá og endanlegar tillögur, sem koma eiga til atkvæða á fundi félagsins, birtar á vefsíðu félagsins og liggja frammi á skrifstofu þess hluthöfum til sýnis. Sé um aðalfund að ræða skal birta framangreindar upplýsingar tveimur vikum fyrir fundinn hið skemmsta, auk þess að birta ársreikning, skýrslu stjórnar, skýrslu endurskoðanda auk tillagna stjórnar um starfskjarastefnu.

Mál sem ekki hafa verið greind í dagskrá er ekki hægt að taka til endanlegrar úrlausnar á hluthafafundi nema með samþykki allra hluthafa í félaginu, en gera má um þau ályktun til leiðbeiningar fyrir stjórn. Löglega fram bornar breytingatillögur má bera upp á fundinum sjálfum, enda þótt þær hafi ekki áður legið hluthöfum til sýnis."

Fundarstjóri gaf orðið laust. Enginn kvað sér hljóðs.

Var tillagan borin undir atkvæði og var hún samþykkt samhljóða.

7 Kosið í stjórn félagsins

Samkvæmt samþykktum félagsins skipa stjórnina fimm menn og tveir til vara.

Eftirtaldir einstaklingar höfðu gefið kost á sér í stjórn félagsins:

Aðalstjórn

Gestur Breiðfjörð Gestsson

Helga Hlín Hákonardóttir

Herdís Dröfn Fjeldsted

Svanhildur Nanna Vigfúsdóttir

Valdimar Svavarsson

Varastjórn

Andri Gunnarsson

Sandra Hlíf Ocares

Fundarstjóri lýsti yfir að framangreindir einstaklingar væru sjálfkjörnir í stjórn félagsins og ekki kæmi til atkvæðagreiðslu.

8 Tillaga um starfskjarastefnu og starfsreglur um kaupaukakerfi

Fyrir fundinum lá eftirfarandi tillaga um breytingar á starfskjarastefnu félagsins:

A. *Breyting á grein 3.4:*

Fyrirsögn í gr. 3.4 breytt úr „Starfskjör annarra æðstu stjórnenda“ í „Starfskjör þeirra sem hafa mikil áhrif á áhættusnið félagsins“.

1. mgr. greinar 3.4 orðast svo: „Forstjóri ræður framkvæmdastjóra yfir framkvæmdasvið félagsins og aðra æðstu stjórnendur þess, s.s. forstöðumann fjárfestinga. Framangreindir aðilar teljast hafa mikil áhrif á áhættusnið félagsins í skilningi löggjafar um váttryggingastarfsemi. Kjör þeirra skulu vera samkeppnishæf á íslenskan mælikvarða. Fjárhæð grunnlauna og annarra greiðslna til þeirra skal taka mið af menntun og reynslu starfsmanns, ábyrgð og umfangi starfsins.“

B. *Ný grein í 3.5 sem orðast með eftirfarandi hætti:*

„Forstjóri ræður forstöðumenn yfir lykilstarfssvið félagsins. Forstöðumaður ræður aðra starfsmenn lykilstarfssviðsins. Kjör þeirra skulu vera samkeppnishæf á íslenskan mælikvarða. Fjárhæð grunnlauna og annarra greiðslna til þeirra skal taka mið af menntun og reynslu starfsmanns, ábyrgð og umfangi starfsins.“

Við starfslok skal almennt ekki samið um lífeyris- eða starfslokagreiðslur umfram það sem fram kemur í ráðningarsamningi. Þó skulu greiðslur aldrei miðast við lengri tíma en lög mæla fyrir um.“

„Að öðru leyti er vísað til draga að nýrri starfskjarastefnu í heild sem fylgir með aðalfundarboði en drögin innihalda einnig aðrar smávægilegar breytingar. Uppfærð starfskjarastefna með öllum breytingum sem lagðar eru til er hluti af aðalfundargögnum. Starfsreglur um kaupaukakerfi félagsins eru óbreyttar frá síðasta aðalfundi og skoðast sem hluti af starfskjarastefnunni.“

Gaf fundarstjóri orðið laust um tillöguna. Enginn kvað sér hljóðs.

Að svo búnu bar fundarstjóri tillöguna undir atkvæði hluthafa sem samþykktu hana samhljóða.

9 Ákvörðun um þóknun til stjórnar og undirnefnda hennar

Tekin var á dagskrá eftirfarandi tillaga stjórnar félagsins um þóknun til stjórnar:

„Lagt er til að mánaðarleg stjórnarlaun verði kr. 382.000,- fyrir almennan stjórnarmann og kr. 655.000,- fyrir formann. Varastjórnarmenn fái greidda eingreiðslu að fjárhæð kr. 382.000,- í upphafi starfsárs og að auki kr. 109.000,- fyrir hvern fund sem þeir mæta á. Þóknun fyrir formennsku í endurskoðunarnefnd verði kr. 175.000 fyrir hvern fund en aðrir nefndarmenn fái kr. 87.500. Þóknun fyrir nefndarmenn í starfskjaranefnd verði kr. 55.000 fyrir hvern fund, en formaður fái kr. 100.000. Þóknun fyrir formennsku í nýrri áhættunefnd stjórnar verður kr. 87.500 á hvern fund, en aðrir nefndarmenn fái kr. 43.750.“

Fundarstjóri gaf orðið laust. Enginn kvað sér hljóðs.

Bar fundarstjóri þá tillöguna undir atkvæði hluthafa og var hún samþykkt samhljóða.

10 Kosning endurskoðunarfélags í samræmi við lög um váttryggingastarfsemi

Fyrir fundinum lá tillaga stjórnar um að KPMG ehf., kt. 590975-0449, Borgartúni 27, 105 Reykjavík, yrði endurkjörð sem endurskoðunarfélag VÍS hf. til næsta árs.

Gaf fundarstjóri orðið laust um tillöguna, en enginn tók til máls.


Var tillagan samþykkt samhljóða.

11 Önnur mál löglega fram borin

Engar frekari tillögur lágu fyrir fundinum og gaf fundarstjóri orðið laust.

Enginn tók til máls.

Var fundarstjóra og fundarritara veitt heimild til að ganga frá fundargerð fundarins. Fundargerðin var lesin í lok fundar fyrir þá sem þess óskuðu. Fleira gerðist ekki og var fundi slitið kl. 17:05.



Gunnar Sturluson hrl., fundarstjóri



Guðbjörg Helga Hjartardóttir hdl., fundarritari

Fundargögn:

Atkvæðaseðill

Dagskrá fundarins

Samantekt um hlutfjáreign stærstu hluthafa og breytingar milli ára

Upplýsingar um réttindi hluthafa á aðalfundi

Ályktunartillögur stjórnar

Yfirlýsing stjórnar í tengslum við hlutfjárlækkun

Tillögur um samþykktarbreytingar

Núgildandi samþykktir félagsins

Helstu upplýsingar um frambjóðendur

Breytt starfskjarastefna

Starfsreglur VÍS um kaupaukakerfi

Ársreikningur samstæðunnar

Stjórnarháttayfirlýsing